

Reykjavík, 14. ágúst 2019

Niðurstaða um brot Reykjavíkurborgar á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 28. júní 2019 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði brotið gegn 3. ml. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) þar sem Reykjavíkurborg tilkynnti Fjármálaeftirlitinu ekki samdægurs um að hafa lánað víðskiptavaka skuldabréf útgefin af borginni (svokölluð verðbréfalán). Um var að ræða nokkurn fjölda tilvika frá árinu 2009 og til 28. febrúar 2019.

Fjármálaeftirlitið telur að í þeim tilvikum þegar verðbréfalán er veitt á grundvelli samnings milli útgefanda og víðskiptavaka samkvæmt 116. gr. vvl. sé útgefanda hvorki skylt að sinna rannsóknarskyldu samkvæmt 125. gr. vvl. né tilkynningarskyldu samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. áður en víðskiptin fara fram. Framangreint er háð því skilyrði að útgefandi hafi ekki aðkomu að ákvörðun um hvenær verðbréfalán er veitt á grundvelli samningsskyldna sem á honum hvíla gagnvart víðskiptavaka. Þrátt fyrir framangreint er útgefanda engu að síður skylt að fullnægja tilkynningarskyldu samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. þegar um er að ræða verðbréfalán, þ.e. að tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu samdægurs um víðskipti þegar verðbréfalán hefur verið veitt. Fjármálaeftirlitið birti túlkun þess efnis dags. 24. júní 2016, sbr. enn fremur endurskoðaða túlkun dags. 22. desember 2016.

Með hliðsjón af því að ekki var um að ræða víðskipti fruminnherja sem Reykjavíkurborg var skylt að birta opinberlega samkvæmt 127. gr. vvl. og að Reykjavíkurborg upplýsti Fjármálaeftirlitið um brotin var ákveðið að gera borginni ekki stjórnvaldssekt vegna brotanna.